

Jónas Reynir Gunnarsson

Veisla í vatninu

Nýlega fór mig að dreyma hvítar slæður í vatni. Eins og þegar egg springur í potti. Mig dreymdi líka að tunglið væri bjartur káetugluggi. Í káetunni lá andvaka sjómaður og las og tunglið (káetuglugginn) sveif yfir borginni og breytti henni í skuggamynd.

Parsíðasta sumar rakst ég á feitustu bleikju sem ég hef séð. Hún rakst á mig, öllu heldur, þegar ég réri kajak á stöðuvatninu á landinu sem við erfðum eftir afa minn. Bleikjan var dauð og ég dró hana upp í bátinn. Önnur hlið hennar, sú sem hafði snúið niður, var þakin sárum. Hún var byrjuð að rotna og lyktaði, en að horfa í augu hennar var verst. Andlit fiska eru svo köld og sviplaus. Þeir virðast horfa framan í dauðann.

Veiðin í vatninu hefur aldrei verið góð. Einhvern tíma veiddum við á net, þegar ég var lítill, og til stóð að halda grillveislu. Á veturna dorguðum við í gegnum ísinn, þær ferðir snerust þó meira um kakódrykkju heldur en veiðar. Á sumrin stóðum við á bakkanum og veiddum á spún. En það varð sífellt erfiðara að fá hann til að bíta.

Þorpið er tuttugu kílómetra frá sjónum en samt vann ég í fiski þegar ég var unglingur. Fiskþurrkunin stóð mitt á milli stöðuvatnsins og þorpsins. Í henni stóð ég við færiband og raðaði hausum á grindur. Stundum spúlaði ég plastkór með háþrýstidælu og horfði á fiskinnyfli renna á milli stígvélanna. Fiskarnir í lífi mínu hafa alltaf haft sterka tengingu við dauðann.

Nú bý ég við hafið og líður eins og gesti. Veislugesti í stórkostlegu boði þar sem óþarfi er að fara úr skónum. Ég fæ svo oft samviskubit, og líður eins og ég sé æxli á jörðinni.

Líklega er vatnið í draumum mínum blóð og hvítu slæðurnar hvít blóðkorn, sem berjast gegn árásum á líkamann. Og saltvatnið rennur úr tárkirtlunum vegna þess að við stálum því þegar við breyttumst í landdýr og nú vill það komast aftur heim.

Bleikjurnar í stöðuvatni afa míns voru ekki sjógengnar frekar en ég. Þegar pabbi átti gúmmíbátinn sigldum við um vatnið með fisksjá til að staðfesta grun okkar: að fiskurinn væri farinn. Hann var það ekki, ekki samkvæmt radarnum. Fiskurinn lá í djúpinu og hafði það gott. Við gátum bara ekki veitt hann.

Bleikjan sem ég rakst á þegar ég var á kajaknum staðfesti nýjan grun: að stofninn í vatninu hefði fengið smekk fyrir eigin hrognum og væri byrjaður að éta sjálfan sig.